



Reykjavíkurborg
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Lautarvegur 8

Framsál byggingarréttar og forkaupsréttur



Lautarvegur 8, framsal byggingarréttar

Á fundi borgarráðs þann 22. nóvember 2007 var samþykkt að úthluta Jónasi Ólafssyni, kt. 220860-3109 og Finni Björnssyni, kt. 140725-3319, byggingarrétti fyrir tvíbýlishús á lóðinni Lautarvegur 8 hér í borg. Lóðin hefur gengið kaupum og sölum í þrígang frá upphaflegri úthlutun, sbr. meðfylgjandi kaupsamninga sem eru fylgiskjöl með erindi þessu, en láðst hefur að óska eftir heimild borgarráðs fyrir aðilaskiptum og því eru upphaflegir eigendur enn skráðir lóðarhafar hjá Reykjavíkurborg.

Borist hefur beiðni f.h. upphaflegra lóðarhafa og Vogsins ehf., kt. 591016-0910, þar sem óskað er heimildar til framsals byggingarréttar á lóðinni frá Jónasi Ólafssyni og Finni Björnssyni til Vogsins ehf., sbr. undirritaða framsalsbeiðni dags. 30.6.2017. Aðrir aðilar málsins, Hafliði Bárður Harðarson, kt. 170463-2939 og Stórhylur ehf., kt. 481007-0540, hafa einnig samþykkt framsalið með undirritun sinni á kaupsamninga/afsöl um framsal lóðarréttindanna.

Óskað er eftir að borgarráð staðfesti og samþykki framsal byggingarréttar og falli frá forkaupsrétti í öllum þremur tilvikum, þ.e. 1) frá upphaflegum lóðarhöfum Jónasi Ólafssyni, kt. 220860-3109 og Finni Björnssyni, kt. 140725-3319 til Hafliða Bárðar Harðarsonar, kt. 170463-2939, 2) frá Hafliða Bárði Harðarsyni, kt. 170463-2939 til Stórhyls ehf., kt. 481007-0540, og 3) frá Stórhyl ehf., kt. 481007-0540 til Vogsins ehf., kt. 591016-0910, þannig að Vogurinn ehf., kt. 591016-0910, verði nýr lóðarhafi og handhafi byggingarréttar að lóðinni Lautarvegur 8 í stað Jónasar Ólafssonar, kt. 220860-3109 og Finns Björnssonar, kt. 140725-3319, enda gildi allir sömu skilmálar gagnvart hinum nýja lóðarhafa eins og giltu gagnvart hinum fyrri.





Reykjavíkurborg
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Víðinesvegur 30

Útleiga



Víðinesvegur 30, leiga

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar óskar eftir heimild til að birta meðfylgjandi auglýsingu um útleigu á Víðinesvegi 30.

Víðinesvegur 30 (Víðines) hefur verið í útleigu til Útlendingastofnunar undanfarna mánuði en verður skilað í lok júní

Auglýsing

Til leigu



Reykjavíkurborg býður til leigu Víðinesveg 30 (Vistheimilið að Víðinesi). Heildarstærð hússins er 2042,1 m². Húsið í góðu ástandi eftir viðgerð árið 2016. Haldið var í upprunalega innréttingu þess og herbergjaskipan. Húsið samanstendur af þremur húsum sem eru tengt saman með göngum. Eitt húsið er á tveimur hæðum en hin eru á einni hæð. Samtals eru um 30 stór herbergi í húsinu ásamt þjónusturýmum og eldhúsi.

Húsið verður til sýnis miðvikudaginn 5. júlí milli kl. 14:00 og 16:00.

Tilboðun skal skilað fyrir kl. 16:00 10. júlí merkt „Víðines leiga“ í þjónustuver Reykjavíkurborgarar á 1. hæð í Borgartúni 12-14.

Nánari upplýsingar veitir Óli Jón Hertervig s. 693-7404, netfang : oli.jon.hertervig@reykjavik.is

